

16. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 10. febrúar 2021, kl. 17:15

Mættir eru: Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Geir Finnsson (GF), Viktor Ingi Lorange (VIL), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL) og Una Hildardóttir (UH).

Frá skrifstofu: Tinna Isebarn (TI), Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og Rut Einarsdóttir (RE).

Fundarstjóri: Una Hildardóttir

Fundur settur 17:17

Dagskrá:

1. [Fundargerð](#) 15. stjórnarfundar er samþykkt.
2. [Fundargerð](#) 4. leiðtoga ráðsfundar. SÁS spyr hvernig fórn varðandi yfirlýsingu leiðtoga ráðs og UH skýrir frá þeirri framvindu. Fundargerðin er samþykkt.
3. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:**
 - 3.1. [Umsögn LUF](#) um drög að stefnu um félags- og tímstundastarf 2020-2030 sem samþykkt var á 4. leiðtoga ráðsfundi 26. janúar hefur verið birt á Samráðsgátt stjórnvalda.
 - 3.2. TI hefur óskað eftir því að HH komi til móts við starfsmenn LUF um nýtingu á vinnuáætlun m.t.t. reglugerðar um takmörkun á samkomum sem tók gildi 8. febrúar. HH er með sérstaka undanþágu frá Sóttvarnarlækni og segist forstöðumaður hússins vænta svara á næstunni varðandi mögulegar breytingar á því fyrirkomulagi. Þangað til verða starfsmenn LUF enn heimavinnandi.
4. **Félagi ársins 25. febrúar**
 - 4.1. Til upplýsinga: Frestur til að tilnefna er til og með 18. febrúar. Tvær tilnefningar hafa þegar borist.
 - 4.2. Tillaga að Valnefnd: Samþykkt er að GF, TI og Inga Auðbjörg Straumland fyrrv. forseti LUF verði skipuð í valnefnd.
5. **Sambandsþing 27. febrúar**
 - 5.1. Kosning Ungmannafulltrúa Íslands: Skv. reglugerð Alþjóðanefnar eru fulltrúar kosnir til eins árs í senn. Eitt og hálf ár er frá því að kosinn var fulltrúi á sviði mannréttinda á leiðtoga ráðsfundi. Þeim fulltrúa var boðið að sitja áfram til að rétta af kjörtímabilið og færa yfir á sambandsþing. Í fyrra var fulltrúi á sviði sjálfbærrar þróunar því einungis kosinn, þá í fyrsta sinn. Fulltrúinn á sviði mannréttinda hefur nú lokið störfum. En vegna áhrifa Covid-19 hefur margt frestast í starfi fulltrúans á sviði sjálfbærrar þróunar, hefur hún sóst eftir framlengingu á umboði sínu. Stjórn ákveður að framlengja umboð fulltrúa á sviði sjálfbærrar þróunar og kjósa nýjan fulltrúa á sviði mannréttinda á næstkomandi þingi.
 - 5.2. Drög að fundarboði er samþykkt.
 - 5.3. Drög að dagskrá sambandsþings er samþykkt.
 - 5.4. Tillaga að framkvæmdaáætlun er samþykkt.
 - 5.5. Ársreikningur er samþykktur með fyrirvara um lítilsháttar breytingar á orðalagi og uppsetningu. TI er falið að senda athugasemdir til bókara.

- 5.5.1. Stefna LUF: Stjórn er gefið færi á að gera athugasemdir fyrir hádegi á föstudag. Samþykkt er að stefnan verði samþykkt rafrænt fyrir lok dags á föstudag.
- 5.6. [Staða ungmennageirans](#): Stjórn ákveður að afhenda mennta- og menningarmálaráðherra skýrsluna í tilefni af útgáfu hennar á degi sambandsþings. TI er falið að hafa samband við aðstoðarmenn ráðherra.
- 5.6.1. Tilboði í hönnun og umbrot á skýrslunni ásamt ársskýrslu er samþykkt.
- 6. Rsk-málið til upplýsinga:** Enn er beðið eftir formlegri synjun Fyrirtækjaskrár á heitinu LUF. SHB sendi í gær athugasemdir vegna skýringa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar LUF.
- 7. Alþjóðamál:**
- 7.1. Vinnustofa Norrænu ráðherranefndarinnar Agenda 2030: UH greinir frá þátttöku sinni. Hún hefur sótt einn fund og mun sækja tvo í viðbót. UH skrifar skýrslu að þátttöku lokinni.
- 7.2. Vinnustofa Wilton Park um „Future of work for UK-Nordic Youth: Rising to the Challenge“. UH og SÞF sóttu vinnustofuna þar sem rætt var um atvinnumál á Norðurlöndunum og Bretlandi. Stjórn fær senda skýrslu um umræðurnar.
- 7.3. „YFJ Listening Exercise“: Varaforseti YFJ, Anja, hafði samband og óskaði eftir stuttu samtali til að ræða áherslur og væntingar LUF hjá YFJ.
- 7.4. Fyrsti fundur NBC: LUF hefur tekið við formennsku í NBC og SÞF greinir frá því að hún hafi þegar sent fundarboð á systursamtökin. Á dagskrá er einna helst umræða um kosningar í ráðgjafaráð Evrópuráðsins um málefni ungs fólks (e. Advisory Council on Youth to the Council of Europe). SÞF hefur sent út skjal þess efnis og eru áhugasamir hvattir til að senda á hana fyrirspurn.
- 7.5. Samstarfsbeiðni frá Litháen: SÞF hefur óskað eftir fjárhags- og verkáætlun.
- 7.6. SÞF vakti athygli á Umræðu í NBC um mögulega Covid sjóði. Hún mun áframsenda frekari upplýsingar.
- 8. Fjármögnun:** Stjórn veitir skrifstofu vilyrði fyrir að sækja um í Nýsköpunarsjóð námsmanna og Æskulýðssjóð fyrir verkefnum á framkvæmdaáætlun.
- 9. Önnur mál:**
- 9.1. SÞF veur athygli á „Nordic Youth Climate Fund“ og er falið að senda erindið á TI.
- 9.2. SÁS veur athygli á umræðu um frumvarp um lækkun kosningaaldurs til umræðu á Alþingi. RE falið að vekja athygli á málinu á samfélagsmiðlum.

Fundi slitið 19:01

RE ritaði fundargerð